

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 67/2004

frá 26. apríl 2004

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn,
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2003 frá 11. júlí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2318/2003/EB frá 5. desember 2003 um samþykkt áætlunar til margra ára (2004 til 2006) um skilvirka samþættingu upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT) í mennta- og starfsmenntakerfum í Evrópu (áætlun um rafræna menntun) ⁽²⁾.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að aukið samstarf geti hafist 1. janúar 2004.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði 4. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir málsgrein 2h:

„2i. EFTA-ríkin skulu taka þátt í eftirfarandi áætlun bandalagsins frá 1. janúar 2004:

- **32003 D 2318:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2318/2003/EB frá 5. desember 2003 um samþykkt áætlunar til margra ára (2004 til 2006) um skilvirka samþættingu upplýsinga- og fjarskiptatækni (ICT) í mennta- og starfsmenntakerfum í Evrópu (áætlun um rafræna menntun) (Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 9).“

2. Í stað texta 3. mgr. komi eftirfarandi:

„EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra áætlana og aðgerða sem um getur í mgr. 1, 2, 2a, 2b, 2c, 2d, 2e, 2f, 2g, 2h og 2i í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (*).

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2004.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 272, 23.10.2003, bls. 34 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 23.10.2003, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 9.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*